

Hóplíftrygging Félags lykilmanna (FLM) greiðir rétt höfum bætur í formi eingreiðslu ef váttryggður fellur frá. Um váttrygginguna gilda hópváttryggingasamningur, skilmálar þessir auk almennra skilmála félagsins nr. 001.

**Váttryggðir** eru félagsmenn í Félagi lykilmanna.

- 1. gr. Hvar gildir tryggingin?**

Váttryggingin gildir hvar sem er í heiminum.
- 2. gr. Hvað bætir tryggingin?**

Váttryggingin greiðir bætur til rétthafa ef váttryggður deyr á gildistíma váttryggingarinnar.
- 3. gr. Undanþágur**

Bætur greiðast ekki vegna andláts af völdum atvika eða sjúkdómsástands sem voru til komin og hinum váttryggða var eða mátti vera kunnugt um áður en váttryggingin tók gildi eða váttryggði gekk inn í Félag lykilmanna. Hið sama á við um breytingu á heilsufari váttryggðs er kann að verða á tímabili þar sem þessi váttrygging er ekki í gildi. Svípti váttryggður sig lífi innan eins árs frá því að váttryggingin síðast öðlaðist gildi er félagið laust úr ábyrgð.
- 4. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?**

Bótafjárhæð samsvarar váttryggingarfjárhæðinni eins og hún var á andlátsdegi með þeim breytingum sem verða á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar til uppgjörsdags.
- 5. gr. Váttryggingarfjárhæð**

Váttryggingarfjárhæð er einstaklingsbundin og reiknast út frá aldri og þeim launum sem váttryggður greiðir iðgjald af, samkvæmt nánari reglum í hóptrýggingarsamningi. Váttryggingarfjárhæðir eru aðgengilegar váttryggðum á vefsíðu Félags lykilmanna.
- 6. gr. Réttthafi bóta**

Bætur greiðast til maka váttryggða, hafi hann verið í hjúskap á dánardegi, en að öðrum kosti til erfingja sbr. 100. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Váttryggðum er ekki heimilt að mæla fyrir um aðra rétthafaskráningu.
- 7. gr. Sérregla um uppsögn váttryggingarverndar**

Félaginu er heimilt að segja upp váttryggingunni gagnvart váttryggingartaka eða einstökum váttryggðum þátttakanda í þeim tilvikum sem greinir í 7. gr. almennra skilmála félagsins eða endurnýja hana ekki. Ef til uppsagnar kemur gagnvart einstökum þátttakanda skal váttryggingartaki tilkynna honum sannanlega um niðurfellingu váttryggingaverndar í samræmi við nánari fyriræli félagsins. Félaginu er jafnframt heimilt að senda slíka tilkynningu til þátttakanda svo jafngilt sé, enda sé váttryggingartaka tilkynnt um það.
- 8. gr. Aldursmörk**

Váttryggingin tekur ekki til einstaklinga yngri en 18 ára og fellur úr gildi í lok þess váttryggingarárs sem váttryggður nær 66 ára aldri. Hámarksaldur við inngöngu í váttrygginguna er 64 ára aldur.
- 9. gr. Breytingar á skilmálum og iðgjaldi**

Félagið hefur rétt til þess að breyta skilmálum og iðgjaldi váttryggingarinnar við árlega endurnýjun hennar samkvæmt 133. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 10. gr. Framhaldstrygging**

Váttrygging þessi veitir váttryggðum rétt til framhaldstryggingar samkvæmt 132 gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 enda berist váttryggjanda sannanleg beiðni hans um það innan þriggja mánaða frá því að váttryggingarvernd féll niður. Hafi framhaldstryggingar ekki verið óskað eða hún ekki veitt tekur váttrygging þessi þó til andláts váttryggðs í allt að 12 mánuði frá lokum váttryggingarinnar, enda verði andlátið beinlínis rakið til sjúkdóms eða atvika sem upp komu á váttryggingatímanum.
- 11. gr. Endurkaup og lán**

Váttrygging þessi hefur ekki endurkaupsverðmæti og veitir ekki rétt til lántöku hjá félaginu. Óheimilt er að framselja, veðsetja eða ráðstafa með öðrum hætti réttindum sem hóplíftrygging þessi veitir. Falli líftryggingin úr gildi af öðrum orsökum en andláti váttryggðs er verðmæti hennar ekkert.

Skilmálar þessir gilda frá 01. nóvember 2024 og koma í stað skilmála sem giltu frá 01. apríl 2022.